

A 1835/välfärd:

Afgreiðsla Norræna velferðarnefndin

Nefndarálit norrænu velferðarnefndarinnar um

**þingmannatillögu  
um endurskoðun allra laga og reglna sem snerta sjúkraflutninga og  
flutninga með sjúkrabíl yfir landamæri**

**Tillaga**

Flokkahópur jafnaðarmanna leggur til að:

Norðurlandaráð beini tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar um

*að hún láti endurskoða öll lög og reglur sem snerta sjúkraflutninga og  
flutninga með sjúkrabíl yfir landamæri á Norðurlöndum*

**Bakgrunnur**

Á grundvelli tillögu flokkahóps jafnaðarmanna samþykkti nefndin að beina eftirfarandi skriflegri fyrirspurn til Norrænu ráðherranefndarinnar:

- Samstarfi þvert á landamæri á Norðurlöndum er ólíkt háttað eftir því hvort um er að ræða slökkvistarf, lögreglusamstarf eða sjúkraflutninga. Í öllum tilvikum er um að ræða áriðandi starfsemi þvert á Norðurlönd. Hvað veldur því að skilyrði eru ólík og að til dæmis sjúkraflutningar geta ekki farið óhindrað milli landanna?
- Öryggi íbúa í strjálbýli á Norðurlöndum er undir því komið að löndin eigi gott samstarf við aðstæður þegar þörf er á sjúkraflutningum. Hvaða aðstæður, reglur og starfsvenjur eiga við um sjúkraflutninga þvert á landamæri á Norðurlöndum?

**Danmörk, Færeyjar og Grænland fara með formennsku Norrænu ráðherranefndarinnar 2020, og sendir Magnus Heunicke, heilbrigðisráðherra Danmerkur, eftirfarandi svar fyrir hönd Norrænu ráðherranefndarinnar:**

Jafnt aðgengi allra að heilbrigðis- og velferðarþjónustu óháð búsetu á Norðurlöndum er forgangsverkefni Norrænu ráðherranefndarinnar. Á mörgum strjálbýlissvæðum Norðurlanda eru sérstakar áskoranir varðandi aðgengi að heilbrigðis- og félagsþjónustu. Einkum á landamærasvæðum skiptir gott samstarf við



nágrannalandið/ -svæðið afar miklu máli til að geta nýtt sem best þá möguleika sem eru fyrir hendi og að sú hjálp sem er nálægust berist til aðstoðar sjúklingum þegar veikindi eða slys steðja að. Sjúkraflutningar fara oft yfir norræn landamæri til að tryggja að hjálpin berist eins hratt og kostur er, eða til að flytja sjúklinga heim að lokinni sjúkrahúsvist annars staðar á Norðurlöndum.

Í gildi eru ýmsir alþjóðlegir, norrænir og tvíhliða samningar, einnig viðmiðunarreglur o.fl. sem eiga tryggja að samstarf yfir landamæri gangi snurðulaust fyrir sig. Engu að síður eru enn lagalegar hindranir fyrir því að sjúkraflutningar fari algjörlega frjálst milli landa.

Hindranirnar felast til dæmis í því að gerðar eru ólíkar kröfur um hæfi starfsfólks og mönnun sjúkraflutninga, ólíkum reglum um meðhöndlun lyfja, umferð á vegum og um atriði sem varða ábyrgð og eftirlit. Flestar þessar áskoranir eru leystar með sérstökum samningum, undanþágum og samkomulagi milli svæðisyfirvalda og heilbrigðisstofnana, auk þess sem unnið er að því að kortleggja umfang vandans, aðlagð gildandi löggjöf og semja nýjar reglur ef þeim gömlu er ábótavant.

Ýmsar reglur og samningar gilda um akstur sjúkrabíla yfir landamæri og sjúkraflutninga milli Norðurlanda, þar á meðal um greiðslu kostnaðar vegna sjúkraflutninga. Hér verður greint stuttlega frá helstu samningum.

- Tilskipun ESB 2005/36/EB um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi gildir í öllum ESB- og EES-löndum. Hún setur rammana um það hvernig löggilt heilbrigðisstarfsfólk getur sinnt sínum störfum þvert á landamæri.
- Norrænum samningi um heilbrigðisviðbúnað er ætlað að stuðla að samvinnu milli Norðurlandanna vegna undirbúnings og þróunar á heilbrigðisviðbúnaði með tilliti til viðbragða við hættuástandi og hamförum, að meðtöldum náttúruhamförum og atvikum (slysum og hryðjuverkum).
- Norrænt samstarf um björgunarmál (NORDRED) er samstarf Norðurlandanna á sviði almannavarna. NORDRED felst aðallega í aðgerðum, t.a.m. björgunarstarfi.
- Norræna brunatjónaáætlunin „Nordic Mass Burn Casualty“ felur í sér samstarf um sjúkraflutninga þegar þörf krefur.
- Í Norðurlandasamningi um almannatryggingar frá árinu 2012 er í 7. grein kveðið á um hvernig standa skuli straum af aukakostnaði við heimferð sjúklings til búsetulandsins.

### **Sjónarmið nefndarinnar**

Á nefndarfundum 27. október 2020 taldi nefndin svar frá Norrænu ráðherranefndinni fullnægjandi og fól skrifstofunni að taka saman nefndarálit þetta um að aðhafast ekki frekar vegna tillögunnar.



Norðurlöndum 28. júní 2021

*Bente Stein Mathisen (H)*

*Eva Lindh (S)*

*Høgni Hoydal (T)*

*Jaspur Langgaard (Sb)*

*Johan Andersson (S)*

*Kaisa Juuso (saf)*

*Liselott Blixt (DF)*

*Maria Stockhaus (M)*

*Nina Sandberg (A)*

*Outi Alanko-Kahiluoto (gröna)*

*Per-Arne Håkansson (S)*

*Sjúrður Skaale (Jvfl)*

*Solveig Horne (FrP)*

*Solveig Sundbø Abrahamsen (H)*

*Wille Valve (MSÅ)*